

Ed. **630. Breytingartillaga** [100. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 60 7. júní 1957, um Háskóla Íslands.

Frá Gils Guðmundssyni, Jóni Þorsteinssyni og Karli Kristjánssyni.

Á eftir 2. gr. komi:

Ákvæði til bráðabirgða.

Heimilt er að fresta um allt að fimm ára skeið veitingu prófessorsembættis í íslenskri nútímasögu. Meðan embættið er óveitt, heimilast heimspekideild Háskóla Íslands að verja árlega fjárhæð, sem nemur einum prófessorslaunum, til að láta safna gögnum og efna til rannsókna á íslenskri nútímasögu.